



Fundagerð 160. fundar stjórnar VM fimmtudaginn 20. janúar n.k. kl. 11:00.

Mættir: Samúel Ingvason, Sigurður Gunnar Benediktsson, Kristmundur Skarphéðinsson, Brynjólfur Árnason
Á fjarfundi: Einar Sveinn Kristjánsson, Símon Guðvarður Jónsson, Sigurður Jóhann Erlingsson, Pétur Freyr Jónsson

Dagskrá:

1. Frágangur á fundagerð stjórnarfundar VM nr. 159.
2. Skýrsla formanns og staða kjaramála.
3. Orlofsmál.
4. Samvinna á Stórhöfða.
5. Styrkbeiðnir.
6. Lagt fram til upplýsingar.
7. Önnur mál.

1. Frágangur á fundagerð stjórnarfundar VM nr. 159.

Fundagerð 159. stjórnarfundar samþykkt.

2. Skýrsla formanns og staða kjaramála.

Unnið er að málum vegna túlkunnar kjarasamnings við SFS og um stytting vinnutíma.

Fundir fiskimanna milli jóla og nýárs.

Fundað í Vestmannaeyjum, Höfn, Grundarfirði, Reyðarfirði, Ísafirði, Akureyri og Reykjavík. Mæting misjöfn. Góðir fundir í Vestmannaeyjum, Ísafirði og á Höfn. Fámennt á öðrum fundum. Einnig var fundað með vélstjórum hjá Landhelgisgæslunni og Hafrannsóknarstofnun. Að öllum líkindum má kenna faraldrinum um litla fundarsókn.

Segja má að niðurstaða funda með sjómönnum sé að ekki er vilji til verkfalla og mögulega dagar að fá tímakaup hækkað og greiðslur í lífeyrissjóð hækkaðar um 3,5%, eins og aðrir hópar hafa fengið.

Umræður um þessa fundi.

Fundarmenn á því að halda eigi þessum fundum til streitu en bjóða öllum félagsmönnum. Ekki kynna þá sem fundi um málefni fiskimanna eingöngu.

Viðræður við SFS:

SFS virðist bíða eftir svörum um ívilnanir vegna orkuskipta frá Fjármálaráðherra. Þ.a. ætla má að ef útgerðarmenn ganga að kröfu sjómanna um lífeyrissjóðinn þá geri þeir það gegn því fá þessar ívilnanir.

Samningur við Kerfóðrun var undirritaður 12. desember sl. og rafrænni kosningu um hann lýkur á miðnætti 20. janúar.



Unnið er að því að koma af stað viðræðum við SA um samning vegna báta í útsýnisferðum (hvalaskoðunarferðum). Ekki hefur verið mögulegt að ræða samninginn vegna samdráttar í ferðabjónustu, en nú rofar hugsanlega til.

3. Orlofsmál.

Orlofshúsakerfi VM

er hluti af félagakerfinu Jóakim. Lífeyrissjóðirnir eiga kerfið en fyrirtækið Inít hefur rekið kerfið. Sjóðirnir munu taka yfir rekstur kerfisins en vilja ekki reka orlofshúsakerfið áfram. VM þarf því að huga að því að taka upp annað orlofshúsakerfi. Önnur félög á Stórhöfðanum eru með kerfi sem heitir Frímenn, sem hefur ýmsar aðgerðir sem ekki eru í Jóakim.

Áætlað er að stofnkostnaður sé nokkur í byrjun (4 til 6 milljónir) við uppsetningu á kerfinu en svo verður rekstrarkostnaður kerfisins lægri en Jóakim. Af því leggja á niður orlofshúsakerfið í Jóakim mun alltaf koma til þessa stofnkostnaðar. Kostur er að öll félögin á Stórhöfðanum eru með þetta kerfi, sem opnar á ýmsa möguleika á samstarfi.

Samþykkt að semja um orlofshúsakerfið Frímenn.

Laugarvatn

Aðalfundur 2019 samþykkti að byggja fjögur ný hús á Laugarvatni, í stað húsa 2 og 4. Miðað er við samskonar hús og fyrir eru á svæðinu (stærri húsin, nr. 10 og 14). Teikningapakinn kostar kr. 800.þús fyrir hvert hús.

Samþykkt að veita umboð til að kaupa teikningar af allt að fjórum húsunum, sem undirbúning að útboði og byggingarferli samkvæmt ákvörðun aðalfundar VM, um að fjarlægja hús 2 og 4 og byggja fjögur ný hús á næstu fimm árum.

Einarsstaðir

Orlofsbyggðin á Einarsstöðum sér um ytra byrði orlofshúsa á svæðinu og hafði áætlað að skipta um þak á húsi VM (nr. 27) núna í vetur. Síðar á svo að klæða þær þrjár hliðar sem eftir eru. Þetta eru framkvæmdir uppá 6 til 7 milljónir. Þar sem ástand hússins var frekar lélegt vildi orlofsnefnd fá úttekt á ástandi þess, áður en farið væri í þessar framkvæmdir.

Gunnar Fannberg var fenginn til að meta ástand hússins. Niðurstaða hans er að ekki borgar sig að ráðast í endurbætur á húsinu, þar sem ljóst er að um væri að ræða heildar endurnýjun hússins. Kostnaður við þær framkvæmdir er það mikill að betri kostur væri að koma fyrir nýju húsi og vera þá með nýtt hús.

Samþykkt að leggja skýrslu Gunnars fyrir næsta aðalfund og leita eftir umboði til að endurnýja húsið.

4. Samvinna á Stórhöfða.

Formaður fór samstarfssamning félaganna á Stórhöfðanum vegna 2F.

Samningurinn var undirritaður með því fororði samþykkja þurfi samninginn í stjórn og fulltrúaráði viðkomandi félaga. Ætlunin var að ræða samninginn á þessum stjórnarfundum og reyna svo að koma á fundi fulltrúaráðs VM í fyrstu viku febrúar, ef ástand leyfir vegna faraldursins.

Samþykkt einróma að leggja samninginn fyrir fulltrúaráðsfund í byrjun febrúar. Aðstæður vegna faraldursins mun ráða fundarforminu. Og setja sem fyrst kynningu á verkefninu á heimasíðu félagsins.

IÐN-UNG

Iðnfélögunum hefur borist tillaga frá FÍR (Félagi rafvirkja) um að stofnað verði hagsmunafélag ungs



fólks innan félaganna. Samþykkt að tilnefna Einar Sveinn Kristjánsson sem fulltrúa VM í félagsskapinn.

5. Styrkbeiðnir.

Samþykkt að styrkja verkefnið Jólalest Vestfjarða um kr. 240.000

Grái Herinn, sem staðið hefur að málaferlum við íslenska ríkið vegna skerðinga á ellilífeyri, óskaði eftir styrk til að áfría máli félagsins sem tapaðist í undirrétti. Mörg önnur stéttarfélög hafa styrkt málið.

Samþykkt að kalla eftir formlegri beiðni frá Gráa hernum og áliti lögfræðings ASÍ um málaferlin, áður en ákvörðun er tekin.

6. Skýrsla ASÍ og BSRB um stöðu launafólks – lögð fram til kynningar.

Skýrsla er niðurstöður spurningakönnunar meðal félaga í aðildarfélögum ASÍ og BSRB.

7. Önnur mál.

Formaður vill brýna það fyrir stjórnarmönnum að dreifa ekki fundargerðum, heldur vísa í þær sem settar eru á heimasíðuna. Annað er brot á trúnaði.

Spurt var hver staðan sé á úttekt á lögum félagsins. Formaður kvaðst vita af hugmyndum vegna lágagjaldsfélaga, nefnda og um rafrænar kosningar. Ákveðið að formaður kalli eftir hugmyndum stjórnarmanna um lagabreytingar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:55
Fundargerð ritaði Halldór Arnar Guðmundsson